

## Lokun á Ölfusárbrú við Selfoss

Vegna viðgerða verður brúin yfir Ölfusá lokað í **viku** um miðjan ágúst.

Áætlað er að loka þann 12. ágúst á miðnætti, opna fyrir morgunumferð kl. 6 þann 13. ágúst og loka svo aftur kl. 20 sama dag. Nýtt brúargólf verður steypt um nóttina, steypan er nokkra sólarhringa að harðna og áætlað er að hægt verði að hleypa aftur umferð á brúna þann 20. ágúst.

### Ástæður lokunar

- Brúin er orðin mjög slitin og eru hjólför orðin 40-50 mm djúp.
- Dagleg umferð um Ölfusárbrú yfir sumartímann er ca. 17.000 bílar á sólarhring.
- breidd brúarinnar er aðeins 6,1 metrar og áætlað vinnusvæði 3,3 metrar þannig að ómögulegt er að halda einni akrein opinni fyrir almenna umferð.
- Umferðastýring myndi tefja vinnu mikið og gæti tvöfaldað, jafnvel þrefaldað framkvæmdatímann.
- Miklar tafir og raðir myndu myndast sitt hvoru megin við brúna.
- Áætlaður tími í viðgerð er rúmur og ef veðurlag er hagstætt er gert ráð fyrir að þetta taki talsvert skemmri tíma.
- Ágúst er valinn með það í huga að steypan verði fljótari að harðna, skólahald verður ekki byrjað og aðeins er byrjað að hægja á umferð ferðamanna.

Hjáleið verður m.a. um Þrengsli (39) og Óseyrarbrú á Eyrarbakkavegi (34).

Í uppsveitum eru hjáleiðir um Biskupstungnabraut (35). Skálholtsveg (31), Bræðratunguveg (359) og Skeiðaveg (30). Gangbrautin á Ölfusárbrú verður opin á framkvæmdatímanum.

